

## 69. Stjórnarfundur Hverfisnefndar Oddeyrar 8. ágúst 2016.

### Fundargerð.

Mætt voru: Hjalti Jóhannesson, Jón Einar Jóhannsson, Jón Ingi Cæsersson (vék sæti undir lið 2) og undirritaður

- 1. Akureyrarvaka.** Undirritaður lagði fram bréf frá Huldu Sif Hermannsdóttur vegna fundar sem haldinn var með nokkrum Hverfisnefndanna 3. þ.m. Fundarboð virðast ekki hafa borist nefndarmönnum. Þar var rædd sú tillaga að bjóða upp á “hverfisverkefni” þ.e. Teikningaverkefni fyrir börn undir yfirskriftinni “Hvernig verður hverfi til”. Afrakstur yrði svo sýndur á góðum stað í bænum. (Ákveðið í samráði við Rósenborg). *Hvefisnefnd hyggst halda sambærilegt kaffiboð fyrir gesti og gangandi á Eiðsvelli á Akureyrarvöku líkt og sl. tvö ár. Ætlar nefnd að taka þátt í “hverfi verður til” verkefninu og bjóða upp á teikniföng, ásamt léttri tónlist og leikjum; athygli vakin á folgrindum á svæðinu.*
- 2. Brennsluofn á athafnasvæði Norðlenska á Oddeyrartanga.** Undirritaður lagði fram útprentaða tillögu að starfsleyfi, sem sent hafði verið í pósti, fyrir brennsluofn fyrir sláturúrgang á svæði Norðlenska. *Hverfisnefnd ályktar að þrátt fyrir ströng skilyrði og góðan vilja Heilbrigðiseftirlitsins eigi þessi búnaður ekki erindi á þessu svæði m.a. vegna nálægðar við íbúðabyggð og fiskvinnslu. Auk þess sem þetta hefur neikvæð áhrif á ímynd og ásýnd svæðisins; þarna koma t.d. skemmtiferðaskip í land auk þess sem lyktarmengun er fyrirsjáanleg. Þá telur nefndin þessi áform alls ekki í samræmi við fyrirhugað framtíðarskipulag svæðisins, þ.s. Íbúðasvæði færast lengra til austurs.*  
**Jón Ingi Cæsersson vék sæti undir þessum lið, vegna stöðu sinnar sem formaður Heilbrigðisnefndar.** s
- 3. Ónæði vegna hafnar/iðnaðarstarfsemi.** Borið hefur á kvörtunum frá íbúum vegna hávaða í tengslum við löndun (lyftarapíp, gámadynkir, vélarniður) seint um kvöld eða að næturlagi, m.a. frá athafnasvæði við Hjalteyrargötu. Nefndinni leikur forvitni á að vita, hvernig staðið var að þeirri ákvörðun að leggja fiskihöfn undir háværa löndunarstarfsemi og gámasvæði- en þarna eru nú hundruð gáma í nokkurra hæða stæðum
- 4. Spennistöðvar inni í íbúðabyggð.** Jón Ingi Cæsarsson spurðist fyrir það hjá Norðurorku, hver stefnan væri í viðhaldi og umhirðu spennistöðva á svæðinu, en nokkrar spennistöðvar standa inni á milli íbúðarhúsa og við lóðarmörk á Oddeyrinni. Norðurorka kvaðst öll af vilja gerð til að standa sem best að þessum málum í hvívetna, en þó er enginn sérstök stefna í þessum efnum til framtíðar.

Á Kaffi Ilmi, Hafnarstræti 107b , 8.ágúst 2016